

Ársfundur Birtu lífeyrissjóðs var haldinn mánudaginn 19. maí 2021 á Hótel Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík. Fundurinn hófst kl. 17:00.

Hrönn Jónsdóttir, stjórnarformaður Birtu, setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hrönn geði tillögu um Finnbjörn Hermannsson sem fundarstjóra og var sú tillaga samþykkt. Finnbjörn gerði tillögu um Írisi Önnu Skúladóttur sem fundarritara, sem var samþykkt.

Fundarstjóri gerði fyrir boðun fundarins sem skal vera í samræmi við gr. 6.1. í samþykktum Birtu. Fundurinn var auglýstur á heimasíðu Birtu og með rafrænu fundarboði til aðildarfélaga og aðildarfyrirtækja, dagsettu 21. apríl 2021. Birt var fundarauglýsing í Fréttablaðinu og í Morgunblaðinu 26. apríl. Þá var hann auglýstur á Ríkisútvarpinu 12. maí, viku fyrir fund. Loks voru fulltrúar minntir á fundinn með rafrænu fundarboði eða símhringingum eftir því sem við átti. Lýsti fundarstjóri fundinn því lögmatan og var gengið til dagskrár.

Gestir í sal voru beðnir að halda til í sætum sínum vegna sóttvarnartakmarkana. Eftirfarandi dagskrá láfyrir fundinum:

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning og afgreiðsla ársreiknings
3. Tryggingafræðileg athugun
4. Fjárfestingarstefna sjóðsins
5. Hluthafastefna/eigendastefna sjóðsins
6. Starfskjarastefna sjóðsins
7. Laun stjórnarmanna og nefnda
8. Stjórnarkjör, skv. grein 5.1
9. Kjör endurskoðanda
10. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
11. Önnur mál

Fundarstjóri útskýrði hvernig fjarfundargestir biðja um orðið. Kosningar munu einvörðungu fara fram með rafrænum hætti. Gangsetur hann profukosningu en 180 manns eru á kjörskrá, 90 fulltrúar launamanna og 90 fulltrúar atvinnurekenda. 40 fulltrúar voru mættir í sal og 24 tengdir með fjarfundarbúnaði. Þá var gengið til dagskrár og bauð fundarstjóri Hrönn Jónsdóttur, formanni stjórnar Birtu að gera grein fyrir skýrslu stjórnar.

## 1. Skýrsla stjórnar

Árið 2020 var sérstakt að mörgu leyti en starfsfólki Birtu tókst vel til við að þjónusta sjóðfélaga og tryggja samfelldan rekstur þrátt fyrir takmarkanir af völdum heimsfaraldurs kórónuveiru. Þar skiptu tæknilausnir og mannauður miklu máli.

Sjóðurinn er svo gott sem í tryggingafræðilegu jafnvægi en heimsfaraldur Kórónuveiru er góð áminning um það hversu erfitt getur reynst að meta áhættuþætti og áhrif þeirra. Ávöxtun á milli ára er sveiflukend en það er afkoma til lengri tíma sem skiptir mestu máli. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar Birtu og forvera Birtu síðastliðin fimm og tíu ár er yfir 5% og þannig vel yfir 3,5% ávöxtunarkröfunni. Raunávöxtun var mjög góð á síðasta ári eða 8,9% en lágt vaxtastig skilar sér sem neikvæður mismunur á bókfærðu virði skuldabréfa og núvirði þeirra í tryggingafræðilegu mati og því batnaði tryggingafræðileg staða aðeins um 1,4% á milli ára.

Birtu er annþ um samfélagslega ábyrgð og miðlar ársskýrslu sinni sakvæmt alþjóðlegum viðmiðum um sjálfbæran rekstur og samfélagslega ábyrgð. Birtuskógurinn í Haukadal vex og dafnar og kolefnisjafnar rekstur Birtu til næstu 35 ára.

Viðskiptalíkan Birtu miðar að verðmætasköpun fyrir sjóðfélaga. Komið hefur verið upp árangursmælikvörðum sem er ætlað að meta árangur í starfsemi sjóðsins. Byggja árangursmælikvarðar að einhverju leiti á samanburði við aðra. Þrátt fyrir krefjandi aðstæður 2020 náðist góður árangur á mörgum sviðum. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður lækkar milli ára niður í 0,16% sem hlutfall af eignum á sama tíma og þjónusta batnar. Lengi má gott bæta en stjórn er ánægð með það sem hefur áunnis, markmiðum hefur verið náð og árangursmælikvarðar endurspeglar það.

Þakkar hún starfsfólki vel unnin störf, stjórnarmönnum fyrir hreinskipt og faglegt samstarf og sjóðfélögum fyrir þátttöku í sjóðnum.

## 2. Kynning og afgreiðsla ársreiknings

Fundarstjóri lagði til að umræður um dagskrárliði 1-3 yrðu að lokinni yfirferð ársreiknings og yfirferð á tryggingafræðilegri stöðu Ekki var gerð athugasemd við það fyrirkomulag.

Ólafur Sigurðsson kynnti ársreikning Birtu. Ársskýrslan er birt samkvæmt alþjóðlegum staðli GRI. Hún er ítarleg og veitir góðar upplýsingar til viðbótar við ársreikning.

Birta tók við 18,7 milljörðum króna í formi iðgjalda á síðasta ári, greiddur var lífeyrir fyrir 13,7 milljarða, hrein raunávöxtun var 8,75% og 20 þúsund sjóðfélagar greiddu til Birtu. Eignir nálgast 500 milljarða og tryggingastaða er svo gott sem í jafnvægi.

Viðskiptalíkan Birtu byggir á lykilþáttum í starfsemi Birtu sem eru að móttaka iðgjöld, ávaxta þau sem best og að greiða út lífeyri. Árangur byggir á góðu skipulagi, öflugum mannauði og góðri viðskiptaþróun.

Nýliðun og ánægja sjóðfélaga er mæld í fjöldatölum og viðhorfskönnunum. Virkum sjóðfélögum fjölgaði ögn á síðasta ári þrátt fyrir atvinnuleysi en stærsti launagreiðandi Birtu var atvinnuleysistryggingasjóður. Vel gekk að þjónusta sjóðfélaga en innleiddar hafa verið tæknilausnir undanfarin ár sem nýttust einkar vel á síðasta ári. Viðhorfskönnun sem Birta lét gera meðal sjóðfélaga sýnir að 57,9% treysta Birtu en 31,7% taka ekki afstöðu. Ná þarf til þess hóps.

15.300 einstaklingum var greiddur út lífeyrir í fyrra. Sjóðurinn er að eldast þrátt fyrir nýliðun sjóðfélaga en hann hóf starfsemi 1939 og byggir á traustum grunni. Lífeyrisbyrði sjóðsins, þ.e. lífeyrisgreiðslur í hlutfalli af iðgjaldagreiðslum var 73,8% á árinu 2020 en 65,2% árið áður. Það er þannig svigrúm til fjárfestinga.

Ávöxtun var yfir markmiðum og því sem við var búist. Bæði 5 og 10 ára meðaltöl eru vel yfir 3,5% ávöxtunarkröfunni. Birta vill vera fremst á meðal jafningja án þess að taka óhóflega áhættu. Meðalávöxtun á síðasta ári var í kringum 9% og er Birta því vel samkeppnishæf miðað við aðra sjóði. Ítarlegar upplýsingar um ávöxtun er birtar í ársskýrslu þar sem fjárfestingar eru sundurliðaðar og ávöxtun hverrar og einnar tilgreind. Aðeins ein fjárfesting hefur skilað neikvæðri raunávöxtun. Bendir hann á að fjárfesting í Heimavöllum hafi skilað sjóðnum 7% raunávöxtun eftir að hún var seld erlendum fjárfestum í fyrra þrátt fyrir að fjárfesting hafi verið umdeild á sínum tíma.

Annar mælikvarði í árangursmati viðskiptaþróunar er kostnaðarhlutfall Birtu sem lækkar milli ára. Birta er vel undir meðaltali hvað rekstrarkostnað varðar og er komin vel á veg með að fullnýta stærðarhagkvæmni sameiningarinnar. Tölvukostnaður ofan á laun er í kring um 78% af kostnaðargrunni Birtu. Meta þarf á hverjum tíma hvort kostnaður af bættri upplýsingarmiðlun sé í hlutfalli við þann fjárhagslega ávinning sem af hlýst. Birta er með jafnlaunavottu og kostnaðargrunnur samanburðarhæfur.

Farið hefur fram ítarlega skoðun af ársreikningi, innri og ytri endurskoðun auk þess sem hann er áritaður af endurskoðanda. Þá er að störfum endurskoðunarnefnd sem fundar um störf innri og ytri endurskoðanda og skilar skýrslu til stjórnar áður en stjórn undirritar ársreikninginn. Að auki er sjóðurinn í stöðugu sambandi við Fjármálaeftirlitið.

Sjóðfélagar eru helstu haghafar Birtu. Til viðbótar eru viðskiptamenn, starfsfólk, stjórnvöld og aðildarfélög skilgreind sem haghafar. Árangursmat stjórnar skilar góðri niðurstöðu, 4,6 af 5. Nýleg VR könnun sýnir að starfsfólk gefur vinnustaðnum 4,4 af 5 mögulegum.

Fundarstjóri þakkar Ólafi fyrir góða yfirferð og bauð Birni Benevits að gera grein fyrir tryggingafræðilegri athugun í fjarveru Bjarna Guðmundssonar, tryggingarstærðfræðings sjóðsins.

### 3. Tryggingafræðileg athugun

Tryggingafræðileg athugun er samanburður á eignum lífeyrissjóðsins og verðmæti iðgjalda við skuldbindingar sjóðsins til greiðslu lífeyris. Skuldbindingar eru háðar óvissum atburðum tengdum lífi og heilsu sjóðfélaga. Vænt niðurstaða er metin með tölfræðilegum líkönum.

Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris hækkar um 13,9% vegna góðrar ávöxtunar og vegna þess að iðgjöld til sjóðsins eru hærri en lífeyrisgreiðslur og kostnaður. Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa er neikvæður liður vegna lágs vaxtastigs en venja er að miða við 3,5% ávöxtunarkröfu. Mismunur á bókfærðu verði og matsverð skráðra hlutabréfa er metið á meðaltali síðustu þriggja mánaða og er sá liður einnig neikvæður. Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar er nánast óbreytt sem er jákvætt þrátt fyrir verðbólgu og launahækkunir. Núvirði framtíðariðgjalda lækkar aðeins. Skuldbinding vegna ellilífeyris og örorkulífeyris hækkar um 5%. Skuldbinding vegna makalífeyris hækkar minna en það getur skýrst af því að eldri réttindi geta falið í sér ríkari rétt en í boði er í dag. Fjölskyldulífeyrishorfur lækka aðeins en fjölskyldubætur greiddast aðeins til greiðandi sjóðfélaga og þeim hefur ekki fjölgað mikið.

Heildarstaðan batnar úr -1,8 í -0,4%. Áfallin staða batnar meira en gerir það alltaf vegna þess að það er þar sem eignir koma inn og breytingar á eignum sem yfirleitt eru stærstu breytingarnar á milli ára en framtíðarstaðan er nánast óbreytt á milli ára. Skýring á breytingum er helst að ávöxtun var góð á árinu en ekkert óvænt gerist skuldbindingamegin. Hækkun á lífeyrisskuldbindingu verður vegna vaxta og verðbóta og hækkun er einnig til komin vegna réttinda ársins og loks vegna greidds lífeyris á árinu. Heilt á litið er niðurstaðan góð fyrir sjóðinn.

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður um dagskrárliði 1-3. Enginn kvaddi sér hljóðs um framangreinda dagskrárliði. Því næst var opnað fyrir rafræna atkvæðagreiðslu um ársreikning Birtu. Spurt var: *Samþykkir þú ársreikning Birtu lífeyrissjóðs 2020?* Niðurstaðan var að hann var samþykktur með öllum greiddum atkvæðum, 44 talsins en einn sat hjá.

### 4. Fjárfestingarstefna sjóðsins

Soffía Gunnarsdóttir, forstöðumaður eignastýringar gerði grein fyrir fjárfestingarstefnum samtryggingardeildar og séreignardeildar ásamt ávöxtun og vægi helstu eignarflokka vegna ársins 2020. Fjárfestingarstefna Birtu er mótuð og ákvörðuð af stjórn sjóðsins samkvæmt lögum þar um. Hún á við um samtryggingardeild, séreignardeild og deild um tilgreinda séreign. Hún er formlegt skjal fyrir hagaðila sem lýsir stefnu sjóðsins við fjárfestingar og ávöxtun fjármuna sjóðfélaga. Birta er langtímafjárfestir og hagar fjárfestingum sínum samkvæmt því. Þrátt fyrir það er stefnan endurskoðuð árlega eða oftar ef þörf krefur. Fjárfestingarstefnuna má finna á heimasíðu sjóðsins.

Fjárfestingastefna og hugmyndafræði fjárfestingasjóðsins grundvallast á nokkrum langtímamarkmiðum sem hafa verið metin best til þess fallin að gæta hagsmuna sjóðfélaga í hvívetna. Um er að ræða fimm markmið. Í fyrsta lagi að tryggja að jafnvægi ríki á milli eigna og skuldbindinga sjóðsins. Í öðru lagi að ná hæstu mögulegu ávöxtun til lengri tíma litið að teknu tilliti til áhættu og seljanleika eigna út frá gildandi fjárfestingastefnu hverju sinni og þeim viðmiðum sem þar eru skilgreind. Í þriðja lagi að viðhalda nægilegri áhættudreifingu eigna með vali á mismunandi eignarflokkum og að teknu tilliti til samfylgni ávöxtunar þeirra í millum. Í fjórða lagi að leggja áherslu á innra virði og langtíma raunvirðisaukningu í því skyni að tryggja öryggi og gæði eigna og varðveita verðgildi þeirra til langs tíma. Í fimmta og síðasta lagi að hafa það að leiðarljósi við fjárfestingarákvarðanir að móttáðilar sjóðsins í fjárfestingum fylgi viðurkenndum viðmiðum um samfélagslega ábyrgð, beri virðingu fyrir umhverfinu og tileinki sér stjórnarhætti sem eru til þess fallnir að hafa virðisaukandi áhrif til lengri tíma litið.

Um er að ræða markmiðasetningu á helstu eignarflokkum ásamt vikmörkum þeirra. Einnig eru sýndar breytingar á vægi á milli ára. Virði ríkisskuldabréfa var til að mynda lækkað úr 20% í 17% og vægi erlendra skuldabréfa úr 2% í 0%. Þá var vægi innlendra hlutabréfa hækkað úr 12% í 13,5% og erlendara hlutabréfa úr 24,5% í 28,5%. Markmið um hlutfall eigna í erlendri mynt hækkaði úr 35% í 36%. Birt er nafnávöxtun og raunávöxtun einstakra eignaflokka á árinu 2020. Erlend hlutabréf báru af en sá eignarflokkur skilaði 23,7% nafnávöxtun sem samsvarar 19,5% raunávöxtun. Einnig sýnir hún framlag hvers eignarflokks til heildarávöxtunar samtryggingar Birtu en um  $\frac{3}{4}$  af heildarávöxtuninni sem var 12,7% kom frá innlendum og erlendum hlutabréfum eða 9,37%. Þessir tveir eignaflokkar veiga samtals 42,4% af heildareignasafni samtryggingar. Talsverð aukning varð á eignaflokknum fasteignaveðtrygðum skuldabréfum eða um 20 milljarða króna en eignaflokkurinn er að megninu til fasteignaveðlán til sjóðfélaga.

Séreignarleiðir Birtu eru þrjár. Engar breytingar voru gerðar á fjárfestingarstefnu innlánsleiðar. Eignir leiðarinnar voru 3,9 milljarðar í árslok 2020. Nafnávöxtun var 4,02% sem samsvarar 0,51% raunávöxtun. Skuldabréfaleiðin stóð í rúmlega 8,1 milljarði í árslok 2020. Innbyrðis breytingar urðu á flestum eignaflokkum stefnunnar á milli ára. Þær helstu voru þær að vægi ríkisskuldabréfa var lækkað úr 50% í 47% og vægi skuldabréfa lánastofnanna var hækkað úr 9% í 13%. Nafnávöxtun skuldabréfaleiðarinnar á árinu 2020 var 7,01% sem samsvarar 3,40% raunávöxtun. Þriðja séreignarleiðin er blandaða leiðin en sú leið stóð í tæplega 5,7 milljörðum í árslok 2020. Eins og nafnið gefur til kynna er hún blanda af hluta- og skuldabréfum. Innbyrðis breytingar voru gerðar á flestum eignaflokkum stefnunnar á milli ára, þær helstu eru að vægi skuldabréfa fyrirtækja var lækkað úr 9% í 5%, vægi innlendra hlutabréfa var hækkað úr 12% í 14% og vægi erlendra skuldabréfa fært niður í 0%. Nafnávöxtun blönduðu leiðarinnar á árinu 2020 var 15,03% sem samsvarar 11,15% raunávöxtun.

Í lokin er það tilgreinda séreignin en hún er enn tiltölulega lág í fjárhæðum í sambanburði við séreignarleiðirnar en fer þó ört vaxandi. Engar breytingar voru gerðar á fjárfestingastefnu leiðarinnar á milli ára. Leiðin stóð í tæplega 1,6 milljarði króna um síðastliðin áramót. Nafnávöxtun hennar var með ágætum á síðasta ári eða 11,79% sem samsvarar 8,0% raunávöxtun.

Að lokinni framsögu Soffiu opnaði fundarstjóri fyrir umræður um fjárfestingastefnu Birtu.

Úlfar Hróarsson spurði hversu mikinn þátt gengishagnaður eigi í ávöxtun erlendra hlutabréfa. Soffía svarar því til að það sé nálægt 10% eða um 50% af ávöxtuninni. Ólafur Sigurðsson benti Úlfari á að svar við spurningu hans sé einnig að finna í skýringu í ársreikningi.

## 5. Hluthafastefna sjóðsins

Ólafur Sigurðsson gerði grein fyrir hluthafastefnu Birtu.

Eigendastefnan/hluthafastefnan breytist lítillga á milli ára. Helstu breytingar sem samþykktar voru 18. febrúar 2021 snúa að samskiptum við stjórnarmenn. Sjóðurinn áréttar mikilvægi þess að fyrirtæki starfi á forsendum heilbrigðrar samkeppni. Birta á í Högum, Festi og Samkaupum. Mikilvægt er að hvetja til samkeppni en það þýði að sjóðurinn skiptir sér ekki af rekstri fyrirtækja sem hann á hlut í og gætir sérstakrar varfærni í samtölum við stjórnendur utan hluthafafunda og afkomufunda, sér í lagi í félögum á samkeppnismarkaði. Birta segir skoðanir sínar formlega og opinberlega. Samkeppniseftirlitið telur óeðlilegt að Birta eigi hlutdeild í tveimur fyrirtækjum á samkeppnismarkaði og telja það leiða til lakari samkeppni en Birta telur hið gagnstæða. Um er að ræða lítilsháttar breytingu á stefnunni sem er rauðmerkt í fundargögnum.

Orðið var gefið laust um hluthafastefnuna. Enginn kvaddi sér hljóðs og áleit fundarstjóri að eigendastefnan væri þannig samþykkt og hreyfði enginn við mótbárum.

## 6. Starfskjarastefna sjóðsins

Fundarstjóri segir starfskjarastefnuna óbreytta á milli ára en þó þurfi að bera hana upp til atkvæðagreiðslu. Starfskjarastefnuna má finna á heimasíðu Birtu. Engar spurningar komu fram tengdar starfskjarastefnunni. Fundarstjóri leit því svo á að þar sem engar spurningar eða athugasemdir komu um starfskjarastefnuna nú þyrfti ekki að kjósa formlega um hana því hún hafi formlega verið samþykkt í fyrra. Engar athugasemdir voru gerðar við það fyrirkomulag.

Þá var komið að liðnum um laun stjórnarmanna og nefnda sjóðsins. Bað fundarstjóri Kristján Þórð Snæbjarnarson, nefndarmann í launanevnd Birtu, að kynna tillögu nefndarinnar.

## 7. Laun stjórnarmanna og nefnda á vegum sjóðsins

Kristján Þórður útskýrði að laun stjórnarmanna hafi undanfarið verið látin fylgja þróun á launavísitölu Hagsstofu Íslands. Lagt er til að halda því fyrirkomulagi áfram. Horft er til launavísitölu frá mars 2020 til febrúar 2021. Tillagan hljóðar upp á hækkun um 9,8% eða um 95% af hækkun launavísitölunnar sem var 10,3% á umræddu tímabili. Upphæðir eru námundaðar að næsta hálfu eða heila þúsundi.

Tillaga launanevndar er því svohljóðandi:

Aðalmenn stjórnar: 122.000 kr. (áður 111.000 kr.)

Formaður stjórnar: 244.000 kr. (áður 222.000 kr.)

Varaformaður stjórnar: 183.000 kr. (áður 166.500 kr.)

Varamenn stjórnar: 27.000 kr. (mánaðarleg greiðsla, en full laun aðmanns þann mánuð sem setinn er fundur, áður 24.500 kr.)

Lagt er til að tillagan verði lögð fyrir ársfund og taki gildi frá og með ársfundi 2021.

Í launanevnd eru Jóhann Rúnar Sigurðsson og Kristján Þórður Snæbjarnarson af hálfu launamanna og Jón Sigurðsson og Bára Mjöll Ágústsdóttir af hálfu atvinnurekenda.

Orðið var gefið laust um tillöguna.

**Úlfar Hrórarsson**, kvaddi sér hljóðs og beindi spurningu sinni til Kristjáns. „Laun á almennum markaði hækkuðu um rúm 8% vegna þess að við afsöluðum okkur kaffitímum. Þau störf sem hér um ræðir eru



annars eðlis. Ég tel að þetta ætti að hækka um 2-3%". Vonar hann að rétt sé með farið að launahækkunin sé almenn vegna nýrrar deilitölu.

**Kristján Þórður** svarar því til að hluti af breytingu á launavísitölu mæli hvernig launabreytingar eru á tímabilinu. Að hluta til er gerð leiðrétting vegna þessa sem Úlfar nefnir en mögulega hefur stytting vinnutímans einhver áhrif. Er gerð skilgreining á því hjá Hagstofunni. Þetta eru einnig breytingar launakjara á vinnumarkaði og eiga að endurspeglar vel þróun launa á umræddu tímabili. Er þetta tillaga launanevndar og leggur nefndin til við fundinn að halda þessu striki.

**Úlfar Hróarsson** segir byggingamenn hafa lent í lífskjarasamningnum sem hafi skilað þeim nýrri og mun betri deilitölu en áður. Þeir hefðu selt frá sér kaffitíma, tímalaun hafi hækkað um 8% en niðurstaðan sé sú að útborguð laun hafi lækkað um 30%. Gerir hann að formlegri tillögu sinni að laun til stjórnarmanna verði hækkuð um 2%.

**Rúnar Bachmann** segir að í svona ákvörðunum þurfi að taka tillit til vinnuframlags stjórnarmanna. Hann sjálfur starfaði í endurskoðunarnefnd annars af fyrirrennrum sjóðsins og fylgdist þar með störfum stjórnarmanna. Miðað við þann tíma sem þeir þurfa að verja í að fara yfir gögn og setja sig inn í mál er það, og hefur lengi verið hans skoðun að ekki sé verið að greiða, jafnvel með þessari tillögu, fullt sannvirði fyrir það vinnuframlag sem þessir aðilar leggi fram. Hann styður því tillögu launanevndar og leggur til að hún verði borin upp á undan.

Fleiri kveða sér ekki hljóðs en fundarstjóri útskýrir að það sé ávalt breytingartillaga sem sé borin upp á undan. Er því fyrst atkvæðagreiðsla um eftirfarand: „Vilt þú samþykka breytingartillögu við tillögu launanevndar?“ Þannig að tekin er afstaða til breytingartillögunar um að launin hækki um 2%. Þeir sem segja já leggja til að launin hækki um 2%, þeir sem segja nei fella þá tillögu. Síðan verður tillaga launanevndar borin upp ef breytingartillagan verður felld.

Breytingartillagan er felld með 38 atkvæðum gegn 5 og enginn sat hjá. Ályktar fundarstjóri þá að með því sé tillaga launanevndar samþykkt og er ekki gerð athugasemd við þá ályktun.

**Ólafur Sigurðsson** áréttar að í skýringu 5.1 í ársreikningi sé að finna svar við spurninu Úlfars um það að hve miklu leyti gengisbreyting eigi þátt í hækkun á virði erlendra hlutabréfa. Það séu 48,3%, í takt við það sem áður hafði komið fram.

## 8. Stjórnarkjör, skv. grein 5.1

Kjörfundur í fulltrúaráði launamanna var haldinn 11. maí 2021 og fór þar fram stjórnarkjör launamanna og hlutu eftirfarandi aðilar kosningu:

Aðalmenn:

Hrönn Jónsdóttir, til 2022

Örvar Þór Kristjánsson, til 2022

Guðrún Elfa Hjörleifsdóttir, til 2023

Hilmar Harðarson, til 2023

Varamenn:

Bára Laxdal Halldórsdóttir, til 2022

Guðmundur S. Sigurgeirsson, til 2023

Samtök atvinnulífsins skipuðu eftirfarandi fulltrúa í stjórn Birtu fyrir hönd atvinnurekenda:

Aðalmenn:

MS ERH

Pálmar Óli Magnússon, til 2022  
Þóra Eggertsdóttir, til 2022  
**Álfheiður Ágústsdóttir, til 2023**  
**Sigurður R. Ragnarsson, til 2023**

Varamenn:

Bolli Árnason, til 2022  
**Guðbjörg Guðmundsdóttir, til 2023**

Eru þetta rétt kjörnir fulltrúar í stjórn Birtu.

## 9. Kjör endurskoðanda

Löggiltur endurskoðandi sjóðsins er Kristinn F. Kristinsson hjá PwC og er lagt til að hann verði endurkjörinn. Ekki komu fram aðrar tillögur um endurskoðanda og var hann því sjálfkjörinn.

## 10. Kjör nefndar um laun stjórnarmanna

Nefndin var skipuð á stofnfundi Birtu 29. september 2016. Skv. gr. 6.6 er kjörtímabil nefndarinnar þrjú ár eða til 2019, en árið 2019 var kosið til næstu þriggja ára þar á eftir, eða til ársfundar 2022. Í launanefnd eru eins og áður sagði Jóhann Rúnar Sigurðsson og Kristján Þórður Snæbjarnarson af hálfu launamanna og Jón Sigurðsson og Bára Mjöll Ágústsdóttir af hálfu atvinnurekenda.

## 11. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins

Kristjáni Geir Pétursson, lögfræðingur hjá Birtu lífeyrissjóði, gerði grein fyrir tillögum til samþykktabreytinga.

Breytingartillögurnar leiða af viðauka aðila vinnumarkaðarins, dagsettum 4. mars 2021, við samkomulag um breytingar á kjarasamningi ASÍ og SA frá árinu 1995. Síðan var gert samkomulag 2018 þar sem farið var í uppskurð og breytingar á stjórnskipan lífeyrissjóða. Tillögurnar taka á því við hvaða aðstæður og með hvaða hætti sé heimilt að afturkalla umboð stjórnarmanna. Verið er að innleiða breytingar á kjarasamningi en einnig komu fram athugasemdir frá eftirlitsaðila sem sneru að lífeyrissjóðunum og því hvort ákvæði væru inni í samþykktum sjóða um þetta atriði. Stjórn hefur tekið málið til efnisumfjöllunar að minnsta kosti í tvígang og lagðar eru til eftirfarandi breytingar:

Meginbreytingin er ný grein 5.4 þar sem kjarasamningsákvæði er tekið upp efnislega og samkvæmt orðanna hljóðan ásamt viðbættum sem greint verður frá í kjölfarið.

- Ný grein 5.4
- Óheimilt er að afturkalla umboð stjórnarmanns á kjörtímabiliinu, nema hann þrestí hæfi til að gegna stjórnarsetu samkvæmt lögum eða samþykktum þessum. Tilnefningaraðili skal tilkynna stjórn sjóðsins með formlegum hætti rökstudda ákvörðun með tilvisun í viðeigandi lagaákvæði, samþykktir eða reglur. Afturkalli tilnefningaraðili umboð stjórnarmanns skal fulltrúarad þess aðila staðfesta þá ákvörðun ásamt tilnefningu nýs stjórnarmanns fram að næsta ársfundi. Tilnefningaraðilar eru Samtök atvinnuliðsins annars vegar og valnefnd launamanna hins vegar; sbr. gr. 5.1.1 til 5.1.3. Tilnefningaraðila er heimilt að fresta tilnefningu stjórnarmanns fram að næsta ársfundi, svo fremi stjórnin sé ákvörðunarþær með þeim stjórnarmönnum og varamönnum sem eftir eru.

Svona hljóðar hin nýja grein. Minnt er á að breytingarnar eru hluti af ársfundargögnum auk greinargerðar sem rökstyður þessar tillögur.

5.1.1 er af praktískum ástæðum þannig að vísað sé til síðari breytinga sem hafa verið gerðar og kunna að verða gerðar á kjarasamningnum.

- 5.1.1 Fulltrúar launamanna og samtaka atvinnurekenda skulu hvort um sig starfrækja valnefnd (uppstillingarnefnd) sem fjallar um hæfi einstaklinga sem gefið hafa kost á sér til stjórnarstarfa. Tilnefningaraðilar skulu óska eftir starfskröftum hæfra einstaklinga til stjórnarstarfa með auglýsingum og almennri hvatningu og haga störfum sínum skv. því sem nanar greinir í kjarasamningi ASÍ og SA um lífeyrismál frá 12. desember 1995, með síðari breytingum, ~~sbr. samkomulag dags. 24. apríl 2018.~~

5.1.2 Tvinnar inn ákvæði úr nýrri grein 5.4.

- 5.1.2 Fulltrúar samtaka atvinnurekenda skulu tilnefndir af framkvæmdastjórn Samtaka atvinnulífsins, að undangenginni umfjöllun og tilnefningu valnefndar, og skulu tilnefningarnar staðfestar af fulltrúaáði atvinnurekenda. Skal hlutfall kynja vera í samræmi við ákvæði laga. Fulltrúar í stjórn skulu tilnefndir að nöfðu samráði við aðildarfélög sjóðsins og aðildarfyrirtæki, sbr. B hluta 4. gr. Lati stjórnarmaður af störfum áður en kjörtímabili hans lýkur, skal framkvæmdastjórn Samtaka atvinnulífsins tilnefna nýjan stjórnarmann samkvæmt sömu skilyrðum og áður og skal hann sitja út kjörtímabil fráfarandi stjórnarmanns. ~~Tilnefningaraðila er heimilt að fresta tilnefningu stjórnarmanns fram að næsta ársfundi, svo fremi stjórnin sé ákvörðunarbær með þeim stjórnarmönnum og varamönnum sem eftir eru.~~

5.1.3 er sams konar breyting en launamannamegin.

- 5.1.3 Fulltrúar launamanna skulu kjörnir á sérstökum kjörfundi sem haldinn skal minnst viku fyrir ársfund lífeyrissjóðsins, sbr. ákvæði 6.3.1. Um rett til að greiða atkvæði á þeim fundi fer eftir gr. 6.3.1. Þeir einstaklingar sem fíest atkvæði fá, og uppfylla kröfur í þau stjórnarsæti sem kosið er til teljast kjörnir í stjórn lífeyrissjóðsins. Lati stjórnarmaður af störfum áður en kjörtímabili hans lýkur, skal kjörnefnd tilnefna nýjan stjórnarmann að fenginni tilnefningu valnefndar samkvæmt gr. 5.108 og með staðfestingu fulltrúaáðs og skal hann sitja út kjörtímabil fráfarandi stjórnarmanns. ~~Tilnefningaraðila er heimilt að fresta tilnefningu stjórnarmanns fram að næsta ársfundi, svo fremi stjórnin sé ákvörðunarbær með þeim stjórnarmönnum og varamönnum sem eftir eru.~~ Eigendur fyrirtækja, æðstu stjórnendur, stjórnarmenn og aðilar nákomrsir þeim geta ekki orðið fulltrúar launamanna í stjórn. Framboð til stjórnar skulu afhent valnefnd sem skipuð er samkvæmt gr. 5.109 í síðasta lagi sex vikum fyrir kjörfund.

5.3 er gerð vegna lagabreytingar á lífeyrissjóðalögum fyrir nokkrum árum síðan og fól í sér að flekkun mannorðs eða óflekkað mannorð eins og því er lýst í 31. gr. lífeyrissjóðalaganna var breytt í gott orðspor. Fjármálaeftirlitið og eftirlitsaðilar hafa lokaorðið um mat á því hvað felst í góðu orðspori. Vísað er til viðmiðunarreglna evrópsku bankastofnunarinnar og í greinargerðinni er þessari tillögu fylgt úr hlaði og hún sett í samhengi.

- 5.3 Stjórnarmenn lífeyrissjóða skulu vera lögráða, fjárhagslega sjálfstæðir, hafa ~~gott orðspor óflekkað mannorð~~ og mega ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota. Þeir mega ekki í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm á síðustu tíu árum fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrotaskipti o.fl. eða ákvæðum laga er varða opinber gjöld, svo og sérlögum um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi. Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum. ~~Fjármálaeftirlitið Seðlabanki Íslands~~ setur reglur um fjárhagslegt sjálfstæði stjórnarmanna og framkvæmdastjóra. Stjórnarmenn skulu búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta sinnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. Stjórnarmenn skulu jafnframt fullnægja hæfisskilyrðum laga nr. 129/1997. Um hæfi stjórnarmanns til meðferðar máls fer eftir ákvæðum II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Aukinn meirihluti stjórnar skal skipaður virkum sjóðfélögum.
- 5.8.72 Stjórnarmenn og starfsmenn sjóðsins skulu ekki sitja í stjórn atvinnufyrirtækja í umboði hans. Þetta gildir þó ekki um fyrirtæki sem stofnuð eru til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins. Um verkefni, hæfi stjórnar og framkvæmdastjóra fer að öðru leyti en hér segir eftir lögum nr. 129/1997, stjórnvaldsfyrirmælum og kjarasamningi ASÍ og SA um lífeyrismál frá 12. desember 1995, með síðari breytingum, ~~sbr. samkomulag dags. 24. apríl 2018.~~ Stjórn sjóðsins skal jafnframt taka mið af Leiðbeiningum um góða stjórnarhætti.
- Tölusetning einstakra ákvæð 5. gr. sem á eftir koma taka samsvarandi breytingum.

Þetta eru þær breytingar sem lagðar eru til og leiða af samkomulagi frá 4. mars. Fundarstjóri gefur orðið laust um samþykktabreytingatillögurnar.



**Rúnar Bachmann** ávarpar fundinn og telur breytingarnar góðar og til bóta fyrir sjóðinn og aðstandendur hans að hafa góðar reglur um þetta atriði. Tekur hann fram að launamenn styðja þetta fyrst og fremst á grundvelli þess samning sem SA og ASÍ hafa gert um málið og hafa ekki haft geð til að taka rökstuðning úr þeirri óeyrð vegna þessa máls sem borist hafi frá Svörtuloftum. Leggur hann til að tillögurnar verði bornar upp í einu lag en ekki grein fyrir grein.

**Úlfar Hróarsson** telur að hugmyndafræðina að baki tillögunum megi rekja til ágreinings VR stéttafélags og Icelandair. Flugfreyjum hafi verið sagt upp og vildi fyrirtækið semja á ný við annað stéttarfélag. VR hafi haft áhrif á fulltrúa í stjórn lífeyrissjóðsins og þarna sé verið að kalla eftir meiri vernd eða friði fyrir stjórnarmenn lífeyrissjóða. Telur hann að fagna beri því að menn vilji fara í breytingar á samþykktum en að þær ættu að vera á annan veg að hans mati. Þær ættu að vera á þann veg að eingögnu þeir sem eigi sjóðinn sitji í stjórn hans. Hér færu ákvarðanir fram og að fulltrúaráð geti bundið stjórn af ákvæðum og við værum nær hlutafélagiforminu þar sem samþykktir aðalfundar myndu stýra stjórninni sem myndi síðan fylgjast með störfum starfsmanna. Leggur hann því til að tillagan verði felld. Í skýrslu rannsóknarnefndar alþingis var ein af ástæðum hrunsins afstöðuleysi. Segir hann fulltrúaráðið þurfa að vera gagnrýnið og skorar á fundarmenn að fella tillöguna.

**Kristján Þórður Snæbjarnarson**, formaður RSÍ, tekur til máls. Farið hefur verið vel yfir breytingatillöguna og tilurð hennar. Ákvæði eru sótt í samning sem hefur verið uppfærður á milli ASÍ og SA. Telur hann mikilvægt að gera þessar breytingar og styður að þær verði samþykktar. Það er búið að benda á það af öðrum aðilum að gera þurfi þessar beytingar. Mikilvægt er að þetta verði samþykkt og ákvæðunum komið inn í samþykktir sjóðsins þar sem þetta sé sá grunnur sem starfað er eftir. Leggur hann því til að samþykktarbreytingatillögurnar verði samþykktar.

Fleiri tóku ekki til máls um tillögurnar. Voru samþykktarbreytingarnar bornar undir fundinn í heild sinni og var tekin afstaða til eftirfarandi spurningar: „*Samþykkir þú tillögu um breytingar á samþykktum sjóðsins?*“ Þeir sem segja já samþykkja tillöguna en þeir sem svara neitandi andmæla tillögunni.

Tillagan var samþykkt í rafrænni kosningu með 39 atkvæðum gegn 4 en enginn sat hjá.

Þá var komið að liðnum um önnur mál.

## 12. Önnur mál

Skv. grein 6.5. þurfa tillögur til ályktunar sem taka á fyrir á ársfundi að berast eigi síðar en viku fyrir ársfund. Engin tillaga barst en orðið er gefið laust.

**Borgþór Hjörvarsson**, bað um orðið og vildi bera tvær spurningar upp við Ólaf Sigurðsson. Fyrst spyr hann hvort verið sé að vinda ofan af máli tengdu kostnaði við innheimtukerfi sem fjallað var um í Kveik en hins vegar spyr hann um flugfélagið Play. Fyrr í dag var ályktað af ASÍ að menn ættu ekki að stunda viðskipti við Play. Mjög góður fundur var haldinn með fulltrúum Birtu þar sem farið var yfir það hvers vegna lífeyrissjóðurinn keypti í Play en spurning hans lýtur að því hvort afstaða sjóðsins til fjárfestingarinnar hafi breyst eftir þessa yfirlýsingu frá ASÍ.

**Guðjón Viðar Guðjónsson** biður um orðið rafrænt. Hann vísar í fyrirspurn sem hann sendi til fundarins um það hvernig kosningin hefði farið um laun stjórnarmanna. Í gær eða fyrradag sendi hann fyrirspurn til sjóðsins og væntanlega hefur Ólafur séð hana og fleiri. Hann vildi lesa hana upp eins og hann sendi hana inn og var hún eftirfarandi:

„Þar sem gustað hefur um Lífeyrissjóðinn Birtu að undanfögnu og sérstaklega framkvæmdastjórnann Ólaf Sigurðsson þá hefur vantraust á framkvæmdastjórnann aukist og meðal annars undirritaður telur að Ólafur ætti að stíga til hliðar því ég ber ekkert traust til Ólafs.“

Ástæða neikvæðrar umfjöllunar um sjóðinn eru m.a. fjárfestingar sjóðsins í lággjaldaflugfélaginu Play, flugfélag sem virðast ætla að borga lægstu laun á Íslandi og viðskipti Birtu við Init ehf. Þjónustuaðila tölvukerfis lífeyrissjóðanna en vitað hefur verið frá árinu 2016 að ekki var allt með felldu með viðskipti Init við þá lífeyrissjóði er fyrirtækið þjónaði m.a. hár kostnaður við rekstur tölvukerfis.

Ég hef spurningar til Ólafs.

Telur Ólafur eðlilegt að stjórnarmaður Birtu gerist starfsmaður Play eftir að Birta hafði eignast 12.5% í Play. Þó þessi stjórnarmaður hafi vikið af fundi þegar gengið var frá aðkomu Birtu. Þessi vinnubrögð gefa tilefni til efasemda.

Er það eðlilegt Ólafur sem stjórnarformaður Reiknistofu lífeyrissjóðanna látir þú hjá líðast í 5 ár að upplýsa stéttarfélag og sjóðfélaga, um vafasöm vinnubrögð hjá Init ehf.?

Först þú sem framkvæmdastjóri Stafa lífeyrissjóðs í boðsferðir á vegum banka og annara fjármálafyrirtækja á árunum 2006-2011? Boðsferðir eru voru kostaðar af þessum fyrirtækjum?

Guðjón Viðar Guðjónsson

sjóðfélagi í Birtu“

Væntir hann þess að fá svör við framangreindum spurningum. Þykir honum sérstakt nú ef ASÍ ályktar að sniðganga eigi Play og meðal annars er stjórnarmaður Birtu í miðstjórn ASÍ og því skjóti þetta skökku við að hans mati.

Ólafur Sigurðsson svarar Guðjóni og Borgþóri. Árið 2009 var gerð ítarlega grein fyrir þeim ferðum sem hann hafi farið í fyrir hönd Stafa lífeyrissjóðs á umræddu tímabili. Úttektanefnd hafi farið yfir málið og bauð hann Guðjóni á þeim tíma að koma og yfirfara ferðaskýrslur sem hann hafi þegið og hafi hann yfirfarið gögnin. Um vinnuferðir á vegum Stafa hafi verið að ræða en ekki boðsferðir í þeim skilningi. Hann fór í ferðir með öðrum fagfjárfestum erlendis og um það var fjallað ítarlega. Hvað Init varðar þykir honum sorglegt að umfjöllun í Kveik, þar sem hann hafi lýst sinni afstöðu til málsins afdráttarlaust, hafi leitt til vantrausts Guðjóns á Ólafi þar sem hann leitist við að hafa gott orðspor. Hann segir það ekki rétt að hann hafi 2016 samið fyrir hönd Reiknistofu lífeyrissjóði. Hann hafi ekki verið þess heiðurs aðnjótandi ennþá að vera stjórnarformaður í þeim félagsskap en árið 2017 hafi fráfarandi stjórn Reiknistofunnar, eftir athugun á starfsemi Init á árunum 2013-16, gert athugasemdir við starfsemi Init og þá einkum þá háttsemi sem lýst var í Kveik, og þeim gert að láta af þeirri háttsemi. Hann hafi samþykkt þann samning fyrir hönd Birtu þegar hann varð stjórnarmaður. Honum hafði leiðst hár kostnaður og því sóst eftir því að fara í stjórn 2018 til þess að gera eitthvað í málinu enda margir verið sömu skoðunar. Það hafi þó ekki komið fram í umfjöllun Kveiks, enda ekki hentað umfjöllunarefni þáttarins. Hans umboðsskylda er að upplýsa stjórn um það sem hann telur ábótavant í rekstrarumhverfi sjóðsins og hafi það verið gert. Hann kveðst ekki ætla að upplýsa um hvað stjórn Reiknistofunnar hyggist gera í kjölfar þáttarins en staðhæfir að ekki sé búið að gleyma málinu og að um það sé fundað mjög reglulega. Hann geti hvorki né vilji upplýsa um ákvarðanir stjórnar Reiknistofunnar á opnum fundi og telur óæskilegt semja við mótaðila á opnum fundi sem þessum eða í gegnum útvarp og sjónvarp.

Varðandi aðkomu stjórnarmanns Birtu að Play hefur hann ekki skoðun á því hvar stjórnarmenn vinni. Það sem mestu máli skipti væri að forða stjórnarmönnum frá því að lenda í hagsmunarélekstrum við störf sín og það hafi verið gert. Því hafi Þóra Ásgeirsdóttir ekki setið við borðið þegar umræða um Icelandair hafi farið fram, vegna þess að hún var starfsmaður þar og eins hafi hún ekki komið að ákvörðun um fjárfestingu í Play af sömu ástæðu.

**Hrönn Jónsdóttir**, formaður stjórnar, rifjar upp að Guðjón hafi lýst yfir vantrausti á hendur Ólafi vegna ákvörðunar um fjárfestingu í Play. Hún áréttar að það sé ákvörðun stjórnar að fjárfesta í Play en ekki sé um ákvörðun framkvæmdastjóra að ræða. Ólafur njóti fullst trausts stjórnar Birtu til að gegna stöðu framkvæmdastjóra. Störf framkvæmdastjóra séu metin tvisvar á ári af formanni og varaformanni stjórnar, sem ekki hafi gert athugasemdir við störf hans.

**Borgþór Hjörvarsson** vildi taka það skýrt fram að Ólafur njóti fulls trausts af hans hálfu og hafi alltaf gert. Samstarf hafi verið gott og af heilug beggja aðila. Orðræða Guðjóns Viðars hafi komið honum á óvart. Spurningarnar kunni að hafa verið keimlíkar en hann vildi aðeins kalla eftir upplýsingum en alls ekki í þeim tilgangi að lýsa yfir vantrausti á hendur Ólafi. Hann vísar aftur til upplýsingafundar með fulltrúum þar sem meðal annars var farið yfir fjárfestinguna í Play og þótti honum sá fundur góður og upplýsandi. Áréttar hann að Ólafur njóti fulls trausts af hans háflu.

**Krsitján Þórður Snæbjarnarson** þakkar Ólafir fyrir að hafa svarað kalli um samtal í tengslum við þessi mál og fyrir opnar umræður. Mikilvægt sé að geta leitað til sjóðsins og átt samtalið þó aðilar séu ekki endilega alltaf sammála. Vitnað var í ályktun frá miðstjórn ASÍ en að minnsta kosti tveir fulltrúaráðsmenn sitja í miðstjórn ASÍ og það sem þeir hafa fengið að vita um kjarasamning flugfélagsins Play sé áhyggjuefni. Verið sé að hefja rekstur fyrirtækis með meintan kjarasamning sem honum þyki óboðlegur ef rétt reynist. Augljóst sé að ef þetta séu þau kjör sem starfsfólki verði boðið séu þau ekki ásættanleg. Hvetur hann nýkjörna stjórn til að fara vel yfir málið og kalla eftir nánari útskýringum. Stjórn sjóðsins hafi fengið upplýsingar og eins ráðgjafafyrirtæki til að meta þennan kost og hafi þeir meðal annars skoðað hvernig staðið yrði að rekstri fyrirtækisins. Það sem sé að koma upp á yfirborðið nú, hljómi ekki eins og Play sé kostur sem ráðgjafafyrirtækið hefði átt að mæla með. Boðin verði lágmarkslaun sem séu langt undir því sem þekkest hér á landi og verið sé að leggja miklar skyldur á herðar starfsfólki án þess að greidd séu fyrir það eðlileg laun. Það samræmist ekki samfélagslegri ábyrgð og skyldum. Getur hann ekki annað en hvatt nýja stjórn til að fara yfir málið og krefjast viðbragða. Kanna hvað ráðgjafafyrirtækið skoðaði og á hvaða grunni ráðleggingar um kaup voru gerðar. Telur hann einsýnt ef þetta sé raunin, að við hljótum að endurskoða viðskipti okkar við svona ráðgjafafyrirtæki. Fjárfestingin sé til staðar og þurfi að skoða með hvaða hætti bregðast skuli við og hvort komist verði út úr henni með einhverjum hætti. Biðlar hann til stjórnar að skoða málið og bregðast við.

Fundarstjóri upplýsir fundinn um hvernig kosningin um laun stjórnarmanna hafi farið. Var hún felld með 38 atkvæðum gegn 5. Hilmar Harðarson og Borgþór Hjörvarsson hafa beðið um orðið en við svo búið er mælendaskrá lokað.

**Hilmar Harðarson** situr í miðstjórn ASÍ og í stjórn Birtu. Hann upplýsir að fjárfestingaráð Birtu, auk tveggja utanaðkomandi ráðgjafa, hafi komið að málinu. Lenskan sé sú að til staðar þurfi að vera löglegur kjarasamningur og ekki um félagsleg undirboð að ræða. Segir hann stjórn hljóta að þurfa að treysta ráðgjöf sérfræðinga sem ráðnir séu til slíkra starfa auk starfsmanna sjóðsins.

**Borgþór Hjörvarsson** gleymdi að spurja um húsnæðismál lífeyrissjóðsins og spyr hvort starfsemi sjóðsins verði flutt að Stórhöfða, nær aðildarfélögum sjóðsins.

**Guðjón Valur Guðjónsson** fær að koma að orði. Hann segir að þegar lið spili illa sé framkvæmdastjórinn látinn fjúka. Þanngi líti hann á þetta. Hann sé ekki á fundinum þar sem hann hafi þurft að vinna fyrir lífeyri sínum. Lífeyrir hans hafi verið skertur um 25% eftir hrun þegar Ólafur hafi verið framkvæmdastjóri Stafa. Segir hann þann sjóð hafa komið mjög illa út beri hann ekki mikið traust til sjóðsins eftir það. Þetta sýni að draga þurfi úr áhrifum atvinnurekenda í stjórn sjóðsins. Varðandi samfélagslega ábyrgð í fjárfestingum þykir honum að gildi sjóðsins og fjárfestingastefna hafi verið virt að vettugi með fjárfestingu í Play.


**Ólafur Sigurðsson** svarar því að ekki sé í kortunum nú að flytja starfsemi Birtu á Stórhöfðann.

Ólafur kveður fráfarandi stjórnarmenn með blómvendi og þakkar þeim fyrir vel unnin störf og gott samstarf. Guðrún Jónsdóttir veitir blómum og þökkum viðurkenningu. Hún hefur verið í stjórn sjóðsins í sjö ár. Davíð Hafsteinssyni eru einnig þökkuð vel unnin störf. Hann hefur setið í stjórn í að nálgast 9 ár. Jón Kjartan Kristinsson er að yfirgefa stjórn eftir árs stjórnarsetu. Garðar Garðarsson varamaður var ekki viðstaddur en eru honum þakkir færðar fyrir þáttöku á stefnumótunarfundi og önnur stjórnarstörf.

Fundarstjóri tekur undir þakklæti til fráfarandi stjórnarmanna og óskar eftir heimild fundarins til að ganga frá fundargerð með fundarritara efir fundinn og birta á heimasíðu sjóðsins. Upplýsti hann um að ný stjórn myndi funda strax að loknum ársfundi og skipta með sér verkum, venju samkvæmt.

Þakkaði hann fundarmönnum fyrir góðan fund og málefnalegar umræður og sagði fundi slitið kl. 19:18.

  
Finnbjörn A. Hermannsson, fundarstjóri

  
Íris Anna Skúladóttir, fundarritari